

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um stofnun samráðshóps um útfærslu og lagningu Sundabrautar**

Borgarstjórn samþykkir að stofna samráðshóp um útfærslu og lagningu Sundabrautar, á brú eða í göngum. Fimm fulltrúar verði skipaðir í borgarráði. Þá skipi borgarráð einnig fulltrúa í hópinn skv. tilnefningu íbúaráðs Grafarvogs, Laugardals og Kjalarness einn fulltrúa hvert og íbúasamtök Grafarvogs, Laugardals og Kjalarness einn fulltrúa hvert. Með hópnum starfi sérfræðingar Reykjavíkurborgar, Vegagerðarinnar og Faxaflóahafna eins og þurfa þykir og starfstími hans verði á meðan vinnu að umhverfismati, skipulagi og hönnun verkefnisins stendur, þ.m.t. leiðarval og útfærslu einstakra hluta framkvæmdarinnar.